

**Bókun óbyggðanefndar um breytt úrskurðarorð (að því er varðar Skógafjall)
í máli nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárfingi eystra,
við endurupptöku málsins 6. september 2005.**

Úrskurðarorðin verða að þessu leyti svohljóðandi:

„Landsvæði það sem nefnt er Skógafjall, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóð-
lenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá upptökum Fjallgilsár við Mýrdalsjökul og eftir Fjallgili að Votugjá,
síðan í þeirri gjá allt til enda og þaðan í Jökulsárgil. Síðan er Jökulsár-
gili fylgt að upptökum við Mýrdalsjökul. Á milli framangreindra tveggja
punkta við jaðar Mýrdalsjökuls er miðað við stöðu jökuls eins og hann
var við gildistöku Þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda jarðanna Eystri- og Ytri-Skóga, sbr. 2.
mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.“

Kristján Torfason

Karl Axelsson

Allan V. Magnússon